

RAFORKUMALASTJORI

Jaröhitadeild

i hillu

3

ORKUSTOFNUN
MÁLASAFN

642.1

Skýrsla um kvartanir vegna
meindra truflana á hverum og
borholum vegna prófana á Gufu-
borholu No. 2 við Hveragerði.

eftir

Svein S. Einarsson

Marz 1960.

RAFORKUMÁLASTVÖRI

Jarðhitadeild

Skýrsla um kvartanir vegna
meintra truflana á hverum og
borholum vegna prófana á Gufu-
borholu No. 2 við Hvaragerði.

eftir

Svein S. Einarsson

Maí 1960.

Skýrsla um kvartanir vegna meintra truflana á hverum og borholum vegna prófana á Gufuborholu No. 2 við Hveragerði.

Ánn 22. október 1959 hófst prófan á borholu no. 2 við Hveragerði, sem fólst í því að láta holuna blása stöðugt með miklu álagi í lengri tíma. Áður en þessi prófan hófst hafði verið búið svo um, að vatn og gufa, sem úr holunni kom gæti ekki valdið tjóni á mannvirkjum og öðrum eignum, eða haft truflandi áhrif á umhverfið ofanjarðar.

Var ráðinn maður á staðnum til þess að gera daglega hita-
malingar í Varná næðan holunnar og aðrar athuganir og skrásetja þær.

Í upphafi mun heildarstraumur gufu og vatns úr holunni hafa numið um 300 tonnum á klot., en fór síðan minnkandi einkum eftir 20. desember 1959, en 6. janúar 1960 var lok-
að fyrir útblástur frá holunni.

Meðan þessi starfssemi fór fram bárust engar kvartanir frá nágrönnum um truflanir af völdum gufu eða hávata, og hita-
stig í Varná mældist mest 18°C 15. nóvember, en var yfir-
leitt allmikil lægra en þetta. Um tjón á silungi í ánni á því ekki að hafa verið að ræða, þar er hann á, að sögn
veisindálastjóra, ekki að vera í hættu nema hitastig vatns-
ins fari yfir 20°C. Engar kvartanir þar að létandi hafa
haldur borist á umræddu tímabili.

Engar nokkuð kom fram yfir mánaðarnót október-nóvember,
töku hinsvegar að berast kvartanir frá bandum í nágrenni
borholu no. 2 um það, að breytingar veru farnar að gera
vart við sig á hverum og borholum er þeir nota í nágrenninu

Hér á eftir verður rakið það helata, sem fram kom í þessu
sambandi:

Þorhela norðan Gufudal:

12. nóvember hötti holan að gjósa. 14. nóvember gaus holan stutta stund en féll niður aftur. 16. nóvember fór hún að gjósa á ný að stöðveldri, en með minni af-
hættum en áður höfði verið og hefur haldið áfram síðan.

Spyttir hjá Gufudal:

Hér er átt við stóra hverinn sem myndast í nágrenni
Spyttis er hann breyttist 1947.

12. nóvember er aukin vatnsnotkun úr þessum hver eftir
að Þorholan höfði fallið niður, sem fyrr segir.

16. nóvember tilkynnti Guðjón Sigurðsson í Gufudal
að rennsli úr hvernum höfði þorrið og vatnsberðið
lækkað um ca. 1.5 m.

17. nóvember skoðaði Sveinn S. Einarsson hverinn, og
var þá vatnsberðið 1.0 - 1.2 m lægra en venjulega.

24. nóvember skoðaði Sveinn S. Einarsson hverinn.
Vatnsberð var þá í venjulegri hæð, og vatn vatlaði
úti í frárennslið frá honum.

14. janúar skoðaði Sveinn S. Einarsson hverinn, og
var þá vatnsberð í venjulegri hæð.

Friðarstöðuvatn:

Hver þessi er á hlæði nýkflisins Friðarstöðis og
virkjaður. Um mánaðamót október-nóvember taldi fólk
á Friðarstöðum að farið væri að minnka í hvernum,
þannig að ónógur hiti fékkst í annas íbúðarhúsi,
sem hitað er frá hvernum.

24. nóvember skýrði Semundur Jónsson á Friðarstöðum
Sveini S. Einarssyni frá eftirfarandi, er hann skoð-
aði hverinn:

Hiti í frórennslisvatni hversins hafi áður verið 97 - 98°C. 21. nóvember hafi það mælt 84°C en 79 - 80°C 22. nóvember. Annað íbúðarhúsið á Friðarstöðum (hús Jóns Ógmundssonar) fengi ónógan hita.

19. janúar taldi Semundur Jónsson að farir væri að hækka aftur í hvernum.

30. janúar skoðaði Sveinn S. Einarsson hverinn, og var þá stórum meira rennsli úr honum en 24. nóvember.

Grýta:

21. desember skýrði Semundur á Friðarstöðum frá því, að hann hafi skoðað Grýtu 19. desember og hafði sér virtist vatn í gosum Grýtu vera áberandi minna en áður, hinsvegar taldi hann að hún gysi jafn reglulega og áður.

21. desember og 9. janúar skoðaði Sveinn S. Einarsson Grýtu og virtist honum gosin vera greinilega vatns- minni en áður var, en þess þó að hafa tekið tillit til þess að styðja það með mælingum.

30. janúar skoðaði Sveinn S. Einarsson Grýtu og virtist þá vatnsmagn í gosum hennar hafa aukist verulega frá 9. janúar.

Árir hverir:

24. nóvember skoðaði Sveinn S. Einarsson alla hvera á svæðinu frá hverunum sunnan Svada og norður að Spýttir. Engin greinileg merki sáust um breytingar á vatnsberði þeirra, sem hægt væri að setja í samband við útblásturinn úr borholu nr. 2.

Af framangreindu virðast nokkrar líkur fyrir því, að útblásturinn úr borholu no. 2. hafi haft áhrif á Grýtu og Friðastöðahver. Borholan við Gufudal hefur alltaf verið

Óstúðug, og truflunin á henni þarf því alls ekki að stafa frá hola no. 2. Breytingarnar á Spýti geta eins vel stað-
ið í sambandi við aukna vatnsnotkun Gufudalsbúsins, þegar
berholan þar truflast, eins og útblásturinn úr berholu
no. 2. Áðrir hverir í nágrenninu virtast hafa verið ótrufl-
aðir.

Með fylgix uppráttur af sveðinu og eru þar sýndir þeir
hverir og berholur sem um ræðir.

Sv. Heirsson

RAFORKUNIALASTJÓRI - JARÐHITAEILD

172.60 Súlur

HVERAGERÐI

Tnr. 26

GUFUBORHOLA No. 2 OG NÁGRENNI

J-Hverag.

M=1:4000

Fnr. 4951

